

Öldungaráð Reykjavíkur
B/t Elísabetar Pétursdóttur
Mannréttinda og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Grund 11.febrúar 2024

Óskað er eftir umsögnum Öldungaráðs Reykjavíkur vegna neðangreindra umsókna frá Grund og Mörk í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Umsagnir ráðsins verða lagðar fram með eftirfarandi umsóknum fyrir árið 2024 en skilafrestur er 4. mars 2024.

Grund.

Þriðja hæð austurhúsi

Krafa samtímans er að búa í einbýli enda sjálfsgöð mannréttindi og því er haldið áfram að breyta herbergjum á Grund í rúmgóð einbýli með baðherbergi. Að þessu sinni er það áframhald á 3. hæð í austurhúsi Grundar.

Aðgangsstýringar á Grund

Þörf er á að aðgangsstýra umgengni um rými á Grund þar sem eingöngu er gert ráð fyrir að starfsfólk hafi aðgang, með öryggis- og heilbrigðissjónarmið að leiðarljósi.

Gólfdukur á 4. hæð Grundar

Gólfdukur sem fyrir er á fjórðu hæð í vesturhúsi Grundar er orðinn mjög illa farinn og komin óhreinindi undir hann þar sem hann hefur náð að skemmast og losna upp. Til að sporna við óværu með tilheyandi vandræðum eins og myglu þarf að skipta um gólfefni.

Handlaugar, salerni og skolherbergi

Heilbrigðiseftirlitið Reykjavíkur hefur farið fram á að á Grund verði settar upp frístandandi handlaugar í öll eldhús/borðsali heimilisins þar sem heimilismenn matast. Einnig var óskað eftir því að aðstaða yrði bætt á skolherbergjum þar sem sundurgreina þarf betur hrein og óhrein svæði með tilheyrandi búnaði. Þá þarf að fara í lagfæringar vegna athugasemda frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur á nokkrum baðherbergjum þar sem þarf ýmist að laga gólfefni, vaska eða mála.

Lagfæring utanhús á Grund

Mikið hefur sprungið út og losnað af múrhúð hússins á Grund sem getur leitt til leka með tilheyrandi skemmdum á húsnæðinu – einnig er komin útfelling á nokkrum stöðum í hraunáferð hússins sem þarf að losa upp og pússa upp á nýtt.

Fituskilja, brunnar og þétting útveggjar

Fituskiljubrunnur er orðin ónýtur og þarfnast endurnýjunar einnig eru steypdir skolþbrunnar komnir verulega til ára sinna og hafa verið að gefa sig þannig að meindýr hafa haft óheftan aðgang að garði Grundar. Einnig hefur raki verið að koma inn í hús við niðurgrafna vegg / jarðhæð sem krefst þéttingar með þar til gerðum efnum o Reykskýli fyrir heimilismenn

Reykskýli

Tilfinnanlega vantar reykskýli fyrir heimilismenn Grundar. Það er ekki hægt að ætlast til þess að heimilismenn, sem oft á tíðum eru veikburða í hjólastól eða með göngugrind, standi í kulda og trekk og reyki. Er því áformað að koma upp reykskýli á lóð Grundar sem getur veitt skjól og verður hitað að einhverju leyti.

Mörk

Rafskutlu og hjólaskýli í Mörk

Það er þörf á að útbúa skýli í Mörk þar sem heimilismenn geti hlaðið rafskutlur sínar og starfsmenn jafnvel fengið að geyma þar sín hjól og hlaða

Fallvarnir í stigahús í Mörk

Bæta verður öryggi heimilismanna og gesta hjúkrunarheimilisins í Mörk og setja stólpa við stigaganga hússins á 2-5 hæð þannig að ekki sé hægt að fara niður stigann á hjólastól eða með göngugrind.

Gardínur í Mörk

Gardínur í herbergjum heimilismanna eru orðnar mjög illa farnar þannig að þær þjóna varla lengur tilgangi sínum. Þörf er á að endurnýja þær.

Nýr netþjónn

Kaupa þarf nýjan netþjón til að hýsa myndavélaeftirlitskerfi Markar, núverandi netþjónn er úr sér genginn og sinnir ekki hlutverkinu sem skyldi.

Bætt nettenging fyrir heimilismenn

Setja þarf upp nokkurskonar ljósleiðarabox í öllum herbergjum á 2. hæð Markar. Í gegnum búnaðinn geta heimilismenn fengið betri nettengingu og tengja má myndlykil við boxin. Allar netlagnir eru fyrir í herbergjunum og því einungis um að ræða að kaupa búnað og setja upp.

Ekki hika við að hafa samband ef spurningar vakna.

Guðbjörg R. Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri stjórnar Grundarheimilanna